

# Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti

## M i n n i s b l a ð

Viðtakandi: Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis  
Sendandi: Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti  
Dagsetning: 13.05.2022  
Málsnúmer: HVIN22020054  
Bréfalykill: 3.5

Efni: Breytingar á frumvarpi til laga um fjarskipti

Að beiðni umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis hefur ráðuneytið yfirfarið fram komnar umsagnir til nefndarinnar í 461. máli á 152. löggjafarþingi, um frumvarp til nýrra laga um fjarskipti (þskj. 666 - 461. mál).

Með frumvarpinu verða innleidd hér á landi efnisákvæði svonefndrar Kóðatilskipunar (ESB) 2018/1972 (European Electronic Communications Code) sem tekin var upp í EES-samninginn í september síðastliðinn. Frumvarpið er ekki síst brýnt vegna nýmæla sem skjóta munu styrkari stöðum undir markmið stjórnvalda um uppbyggingu innviða og aðgengi að fjarskiptaþjónustu, svo og öryggi fjarskipta. Þá er aukin áhersla á neytendavernd í frumvarpinu. Gildistími fjölmargra tíðniheimilda mun renna út á fyrsta ársfjórðungi 2023 og er afar æskilegt að við undirbúning endurúthlutunar verði stuðst við endurnýjað regluverk.

**Lagt er til að fallist verði á neðangreindar breytingartillögur, með vísan til fram kominna umsagna:**

5. gr. (*Orðskýringar*) - Í 46. tölul. verði orðunum „þráðlausrar leiðsöguþjónustu“ skipt út fyrir orðið fjarleiðsöguþjónustu, með vísan til reglugerðar nr. 400/2008, um skirteini útgefin af Flugmálastjórn Íslands. Breyta má orðskýringu hugtaksins fjarskiptafyrirtæki, þannig að vísað verði til 4. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005: „*Fjarskipta fyrirtæki* : Fyrirtæki í skilningi 4. gr. samkeppnislaga sem hefur tilkynnt Fjarskiptastofu um rekstur fjarskiptaþjónustu eða fjarskiptanets“. Ekki fæst séð að breytingin hafi efnisleg áhrif, frá því sem gildandi lög og frumvarpið gera ráð fyrir, enda er fyrirtæki skilgreint þannig í 2. tölul. 4. gr. samkeppnislaga: „*Fyrirtæki* er einstaklingur, félag, opinberir aðilar og aðrir sem stunda atvinnurekstur“. Skrá yfir fjarskiptafyrirtæki er aðgengileg á vef Fjarskiptastofu.

6. gr. (*Almenn heimild*) - Fallast má á að 1. másl. 1. mgr. verði svohljóðandi: „Fjarskiptafyrirtæki hafa almenna heimild til að veita fjarskiptaþjónustu og/eða bjóða fram fjarskiptanet.“

25. gr. (*Innanhússfjarskiptalagnir*) - Ákvæðið byggir á 60. gr. gildandi fjarskiptalaga, eins og það var samþykkt með lögum nr. 125/2019, um ráðstafanir til hagkvæmrar uppbyggingar háhraðafjarskiptaneta. Ráðuneytið leggur til að felld verði brott orðin „samþykkt hönnunargögn“ í 2. másl. 1. mgr., sem verður þá svohljóðandi: „Staðsetning aðgangspunkts og allar innanhússfjarskiptalagnir skulu vera í samræmi við teikningar byggingar og/eða með samþykki húseigenda“. Þ.e. með vísan til þess að í nýrri byggingum geta teikningar (hönnunargögn) mögulega sýnt legu innanhússfjarskiptalagna og inntaksstaðar fjarskipta (staðsetning aðgangspunkts), en raunin mun oftar vera sú að teikningar sýni þetta ekki. Í síðastnefndum tilvikum þarf að ákveða lagnaleiðir fyrir innanhússfjarskiptalagnir og staðsetningu aðgangspunkts, en

ábyrgðin er á eiganda hlutaðeigandi byggingar með vísan til 1. másl. 1. mgr. 25. gr. Lagt er til að fallist verði á að fella brott orðin „aðgangspunktur skal vera innsiglaður eða læstur og“ í 3. másl. 1. mgr. og að skerpt verði á orðalagi, hann verði svohljóðandi: „Í fjöleignarhúsum skal, eins og kostur er, verja aðgangspunkt og innanhússfjarskiptalagnir óviðkomandi aðgangi“.

43. gr. (*Skilgreining markaða o.fl.*) - Fallast má á breytingatillögu á 2. mgr. 43. gr., hún verði svohljóðandi: „Við skilgreiningu markaða skal Fjarskiptastofa taka ýtrasta tillit til tilmæla Eftirlitsstofnunar EFTA um viðkomandi þjónustumarkaði og viðmiðunarreglna Eftirlitsstofnunar EFTA um markaðsgreiningar og mat á umtalsverðum markaðsstyrk, að teknu tilliti til innlendra aðstaðna, sérstaklega viðkomandi landfræðilegs markaðar, þar sem hliðsjón er m.a. höfð af eðli samkeppni í innviðum á tilteknu svæði í samræmi við ákvæði samkeppnislaga. Fjarskiptastofa skal, ef við á, taka tillit til niðurstaðna úr landfræðilegri könnun sem framkvæmd er í samræmi við 11. gr. í lögum um Fjarskiptastofu, nr. 75/2021“.

44. gr. (*Framkvæmd markaðsgreininga*) - Fallast má á eftirfarandi breytingatillögur við 44. gr., að mati ráðuneytisins:

- b-liður 4. mgr. verði svohljóðandi: „allt samkeppnislegt aðhald á viðkomandi heildsölu- og smásölustigi“.
- Í stað 5. mgr. komi tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi: „Leiði markaðsgreiningin á grundvelli 1.-4. mgr. í ljós að skilyrði á viðkomandi markaði réttlæti ekki álagningu kvaða eða skilyrði samkvæmt 6. mgr. 44. gr. eru ekki fyrir hendi, skal hvorki leggja á né viðhalda kvöðum á grundvelli 46. gr. laga þessara. Hafi kvaðir verið lagðar á fjarskiptafyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk á viðkomandi markaði ber að fella þær úr gildi. Telji Fjarskiptastofa á grundvelli markaðsgreiningar sem framkvæmd er í samræmi við 1. – 4. mgr. að álagning kvaða sé réttlætánleg, skal stofnunin auðkenna fyrirtæki sem hvert um sig eða í sameiningu hafa umtalsverðan markaðsstyrk, sbr. 45. gr. og leggja á, viðhalda eða breyta viðeigandi kvöðum í samræmi við 46. gr., ef stofnun telur að án kvaða muni útkoman fyrir endanotenda ekki hafa í för með sér skilvirka samkeppni.“
- Inngangur 8. mgr. (áður 7. mgr.) verði svohljóðandi: „Fjarskiptastofa skal framkvæma markaðsgreiningu og hafa tilkynnt fyrirhugaðar aðgerðir til Eftirlitsstofnunar EFTA sem byggist á greiningunni innan eftirtalinna tímamarka: (...)“.

47. gr. (*Aðgangur að mannvirkjum*) - Í lok 1. mgr. verði orðinu neytenda skipt út fyrir (gegn hagsmunum) endanotenda.

48. gr. (*Aðgangur að netum og þjónustu*) - Í lok 1. mgr. eigi standa „og verði ekki til hagsbóta fyrir endanotendur“.

51. gr. (*Bókhaldslegur aðskilnaður*) - Ákvæði 2. másl. 1. mgr. verði svohljóðandi: „Að auki getur stofnunin krafist þess af fyrirtæki sem er lóðrétt samþætt að heildsöluverð þess og verð innan fyrirtækisins sé gagnsætt, m.a. til að tryggja jafnræði og koma í veg fyrir óréttmætar niðurgreiðslur. Fjarskiptastofa getur ákveðið hvaða bókhaldsaðferðir skal nota.“

52. gr. (*Eftirlit með gjaldskrá*) - Ákvæði 1. mgr. verði svohljóðandi: „Þegar markaðsgreining gefur til kynna að skortur á virkri samkeppni hafi í för með sér að fjarskiptafyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk geti viðhaldið óhóflega háum gjöldum eða geti beitt verðþrýstingi, endanotendum til tjóns, getur Fjarskiptastofa lagt kvaðir á fjarskiptafyrirtæki varðandi endurheimt kostnaðar og eftirlit með gjaldskrá, svo sem kvaðir um kostnaðarviðmiðun gjaldskrár og kvaðir um kostnaðarbókhald á ákveðnum tegundum samtengingar eða aðgangs.“

55. gr. (*Ný afkastamikil háhraðanet*) - Stutta innskotssetningu vantar í 3. mgr. (sbr. ábending Fjarskiptastofu), hún verði svohljóðandi: „Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. er Fjarskiptastofu heimilt, í rökstuddum tilvikum, að leggja á, viðhalda eða aðlaga kvaðir í samræmi við 46.–52. gr. að því er varðar ný afkastamikil háhraðanet sem falla undir 2. mgr., til þess að takast á við veruleg samkeppnisvandamál á tilteknum mörkuðum þar sem staðfest er að vegna sértækra eiginleika þessara markaða sé ekki hægt að takast á við þessi samkeppnisvandamál með öðrum hætti.“ Þá er lögð til málfarsleg leiðrétting í 4. mgr., hún verði svohljóðandi: „Fjarskiptastofa skal fylgjast með því að farið sé að skilyrðunum sem sett eru fram í 1. mgr. með viðvarandi hætti og getur krafist þess að viðkomandi fyrirtæki láti í té árlegar yfirlýsingar varðandi reglufylgni. Fjarskiptastofa getur skorið úr ágreiningi sem kemur upp á milli aðila samnings um sameiginlega fjárfestingu.“

61. gr. (*Eftirlit með smásöluþjónustu*) - Ákvæði 2. mgr. verði svohljóðandi: „Kvaðir sem lagðar eru á skv. 1. mgr. skulu byggjast á eðli vandamálsins sem greint hefur verið og vera hóflegar og málefnalegar í ljósi markmiða laga þessara. Kvaðirnar geta falið í sér kröfur um að fyrirtæki innheimti ekki óhófleg gjöld, hindri ekki markaðsaðgang eða takmarki samkeppni með skaðlegri undirverðlagningu, veiti tilteknum endanotendum ekki ótilhlýðilegan forgang eða setji saman óeðlilega þjónustupakka. Enn fremur er heimilt að kveða á um hámark á smásöluverði, ráðstafanir til að stjórna einstökum gjaldskráum eða ráðstafanir til að beina gjaldskráum í átt að kostnaðarverði eða verði á sambærilegum mörkuðum, í þeim tilgangi að vernda hagsmunum endanotenda og á sama tíma að efla virka samkeppni.“

62. gr. (*Réttur til aðþjónustu á viðráðanlegu verði*) - Lagt er til að bætt verði við 2. málslíð í 6. mgr., ákvæðið verði svohljóðandi: „Ráðherra skal í reglugerð kveða nánar á um þá þjónustu og aðgerðir sem neytendum skulu standa til boða í gegnum viðkomandi tengingu. Á meðal þess sem ráðherra getur kveðið á um í reglugerð eru nánari viðmið um virkni, gæði og tæknilega eiginleika sem netaðgangspjónusta skal að lágmarki búa yfir.“

72. gr. (*Gildistími, uppsögn og breytingar á samningum*) - Að mati ráðuneytisins má færa gild rök fyrir því að halda hámarksbinditíma óbreyttum, í 6 mánuðum.

74. gr. (*Reikningar o.fl.*) - Í upphafi 1. mgr. verði vísun til „Notenda“ breytt í Endanotendur (símaþjónustu). Fallast má á tillögu markaðsaðila um að kveðið sé á um að ekki skuli skylt að birta færslur í sundurliðun ef áskriftarleið er með þeim hætti að ekki sé rukkað sérstaklega fyrir símtal.

75. gr. (*Vanskil*) - Lagt er til að 1. málsl. 1. mgr. verði vísun til „notanda“ skipt út fyrir endanotanda.

76. gr. (*Númerflutningur og flutningur netaðgangsþjónustu milli fjarskipta-fyrirtækja*) - Í upphafi 1. mgr. verði vísun til „Notenda“ breytt í Endanotendum (símaþjónustu). Þá má fallast á að sameina megi 5. og 6. mgr. og að heimild til nánari útfærslu verði falin Fjarskiptastofu, 5. mgr. verði svohljóðandi (og 6. mgr. fellur brott): „Fjarskiptastofa setur nánari reglur um númera- og þjónustuflutning, þar á meðal um tímasetningar í því sambandi og bætur til endanotenda í tilvikum þar sem mistök verða í flutningsferli síma- eða netaðgangspjónustu, tafir eða misbeiting verða í flutningsferli og vegna glataðrar þjónustu- og uppsetningartíma. Fjarskiptastofa sker úr ágreiningi um framkvæmd númera- og þjónustuflutnings.“

79. gr. (*Úttektir og bindandi fyrirmæli*) - Ákvæði 3. mgr. svohljóðandi: „Vanræki fjarskipta-fyrirtæki að fara að fyrirmælum Fjarskiptastofu um úrbætur getur stofnunin látið vinna verkið á kostnað hlutaðeigandi, enda verði þær ráðstafanir taldar varða almannahagsmunum eða þjóðaröryggi. Krafa um kostnað vegna þessa er aðfararhæf skv. 5. tölul. 1. mgr. 1. gr. laga um aðför, nr. 90/1989.“

86. gr. (*Vernd fjarskiptavirkja*) - Í 4. málsl. 4. mgr. verði vísun til „botnveiða“ breytt í veiðar (undanþága

frá banni við veiðum). Þá má fallast á að vísað verði til stórkostlegs gáleysis í 7. másl. 4 .mgr. (en ekki aðeins „gáleysis“).

94. gr. (*Óumbeðin fjarskipti* ) - Í stað vísana til viðskiptavina og notenda í 2. og 3. mgr. verði vísað til endanotenda.

109. gr. (*Gildistaka* ) - Lagt er til að 4. mgr. 86. gr. öðlist þegar gildi, við samþykkt frumvarpsins (reglugerðarheimild 5.-6. másl.), með vísan til áforma um lagningu á nýjum fjarskiptasæstreng í sumar.